

C

Q

T

F

1. tbl.
19. árg.
Febrúar
2001



Söguleg stund. TF3VS í fyrsta skipti á SSB og loggar einnig í fyrsta skipti með þenna. Frá vitahelginni 2000 í Knarrarósvita. Myndina tók TF3AO

Í þessu blaði:

Frá Ritstjóra	2
Frá formanni	3
Fundargerðir stjórnarfunda	4
QRP	5
J-pól loftnet	6
Keppnisdagatal	8
Keppni/Contest	9
Námskeið til amatörleyfis.....	10
Af Reykjanesi	11
Í þá gömlu góðu daga.....	11
Af amatörradíói norðan heiða	12
Elding.....	13
Nýtt Íslenskst Award.....	14
Úr ýmsum áttum.....	15

ÍRA er landsfélag Íslenskra Radióamatöra. ÍRA er hin Íslenska deild í alþjóðasamtökum radióamatöra I.A.R.U. og I.A.R.U. Region 1 og norrænu samtökunum N.R.A.U.

Helstu markmið félagsins eru:

- Gæta hagsmuna radióamatöra í hvívetna.
- Efla kynningu og samstarf meðal radióamatöra innanlands og utan.
- Studla að færni félagsmanna og góðum venjum í radióviðskiptum.
- Hvetja til viðbúnaðar sem mætti gagnast í neyðarfjarskiptum.
- Efla amatörradíó sem leið til sjálfsþjálfunar á tæknisviðinu.
- Hvetja til tæknilegra og vísindalegra rannsókna og upgötvana á sviði radiófjarskipta.
- Örva radióþróttir meðal radióamatöra.
- Þróa amatörradíóþjónustuna sem verðmæta þjóðarauðlind.
- Studla að öflugri æskulýðsstarfsemi og kynningu á amatörradíói meðal ungs fólks.

Í stjórn ÍRA 2000-2001 eru:

Formaður: Haraldur Þórðarson TF3HP
Varaformaður: Bjarni Sverrisson TF3GB
Ritari: Vilhjálmur Í Sigurjónsson TF3VS
Gjaldkeri: Guðjón H. Egilsson TF3WOT
Meðstj.: Heimir S. Jónsson TF3TXT
Varamaður: Friðrik Kristjánsson TF3FK
Varamaður: Halldór Christensen TF3GC

CQ TF er félagsblað ÍRA og kemur út fimm sinnum á ári. Útgefandi er: Íslenskir Radióamatörar, ÍRA, Pósthólf 1058, 121 Reykjavík. Ritstjóri og ábyrgðarmaður er: Brynjólfur Jónsson TF5BW, Pósthólf 121, 602 Akureyri.

Félagsheimili ÍRA er í félagsmiðstöðinni Þróttheimum, Holtavegi 11, Reykjavík og eru fundir þar á hverju fimmtudagskvöldi kl. 20.00.

Símanúmer talhólfs ÍRA er 881-2158.

Vefsíða ÍRA er á slóðinni: <http://www.nett.is/~tf5bw/ira/ira.html> og er það að finna ýmsar upplýsingar um félagið og amatörradíó

Skammstöfunin "CQ" er notuð í fjarskiptum til að tákna "kall til allra stöðva" og "TF" eru einkennisstafir Íslenskra radióstöðva.

Allir áhugamenn um fjarskipti og radiótækni sem vilja starfa í samræmi við markmið félagsins geta gerst félagar.

Frá ritstjóra

Brynjólfur Jónsson TF5BW



Sælir félagar og gleðilegt nýtt ár og takk fyrir það gamla.

Nú stefnir allt í það að fréttasíðan okkar á vefsíðunni verði lögð niður þar sem ekki virðist vera nokkur áhugi fyrir því að halda henni úti. Þetta er miður því það eina sem þarf er að senda vefstjóra tilkynningar í tölvupósti um hvaðeina sem er í gangi hjá félaginu og ykkur, félögum, og birtist það jafnharðan á fréttasíðunni en verði ykkar vilji og fréttasíðan verður því aflögð í

byrjun mars ef ekki verður bót á.

Nokkrum sinnum hef ég fært það í tal að endurskoða þurfi textann á vefsíðunni okkar og fengið góðar undirtektir en útkoman hefur alltaf orðið sú sama eða enginn. Legg ég nú til að stjórn ÍRA taki málið föstum tókum og skipi þriggja manna nefnd valinkunnra sómamána og vel ritfærra til að fara yfir þann texta sem nú er á síðunni og gera tillögur um úrbætur eða er ég sá eini sem finnst að þetta megi betur fara.

Hörkugangur er hjá endurvarpanefndinni og hefur fengist leyfi til að setja upp tveggja metra endurvarpa á Gagnheiði fyrir austan, Steingrímsfjarðarheiði fyrir vestan og Háóxl á suðurlandi og krossbander á Holtavörðuheiði. Sendi og móttökubúnaður er að mestu leiti til, en eitthvað mun vanta af loftnetum, síum og stjórnubúnaði. Þetta eru hinar bestu fréttir og allt útlit fyrir að innan ekki margra ára gæti hann Jói sem væri að sóla sig á tjaldsvæðinu á Egilsstöðum með litlu handstöðina talað við Siggu sem væri að gera hið sama við Jökulsárlónið á suðurlandi. Vil ég nota þetta tækifæri til að þakka þeim félögum í nefndinni fyrir frábært og óeigingjarnt starf.

50 MHz sísendir hefur verið settur upp á Rjúpnahæð og farin er á stað söfnun fyrir 70 sm. endurvarpa. Frá þessu hvorutveggja er sagt annarsstaðar í blaðinu. Þannig að eins og sjá má þá er ýmislegt í gangi í VHF og UHF málum hjá okkur.

Fljótlega eftir JOTA mótið á síðasta ári höfðu þau Konráð TF3KET og Vala TF3VD samband við mig með þá hugmynd hvort ekki væri sniðugt að gefa út íslenskt JOTA award. Leist mér vel á hugmyndina og er nú komið út íslenskt JOTA award sem ÍRA gefur út í samvinnu við Radióskáta. Nánari kynning á þessu awardi er annarsstaðar í blaðinu.

Vel tókst til hjá þeim sem fengust til þess að skrifa fastar síður í blaðið um ákveðin máefni og kann ég þeim hinar bestu þakkir fyrir. Gerir þetta útgáfuna mun auðveldari og er raunar hornsteinn þess að blaðið okkar haldi áfram að koma út. Ekki væri þó verra að fá einn til tvo aðila til viðbótar til sömu verka og er hér með auglýst eftir þeim.

Blaðið er nú aftur sett upp í Corel eftir tveggja ára hlé. En samkomulagið á milli Corel og Acrobat er nú orðið hið besta og reyndist síðasta blað verða 170 káum minna úr Corel en Pagemaker og gæðin þau sömu. Þetta til stórra bóta fyrir þá sem fá blaðið í tölvupósti.

Í síðasta blaði var kynntur sá möguleiki fyrir félagi ÍRA að láta taka félagsgjaldið sjálfvirk út af kreditkortum þeirra og vil ég hvetja sem flesta til að nýta sér þann möguleika því þetta er mun ódýrari og skilvirkari innheimta en verið hefur.

73's de TF5BW

CQ TF febrúar 2001

Frá formanni

Haraldur Þórðarson TF3HP



Gleðilegt nýtt ár og þökk fyrir það sem nú er nýliðið.

Ég held að síðasta ár hafi verið okkur nokkuð gott, þrátt fyrir að ekki hafi tekist að fá fram breytingar á reglugerðinni eins og við höfum ætlað okkur og

veður að segjast eins og það kemur mér fyrir sjónir að þarna skorti vilja hjá Póst og Fjarskiptastofnun sem eðli málsins samkvæmt fer með þessi mál. Þrátt fyrir nokkur bréf frá okkur hefur ekkert þokast áfram. En vonandi líður þetta ár ekki án þess að úr rætist.

Þrátt fyrir þessa smáhnökra hafa samskipti okkar við stofnunina verið með þeim hætti að til fyrirmyndar er og er mér til efs að í öðrum löndum hafi amatörar slíkan aðgang að þeim mönnum sem stjórna þeirra málefnum.

Eins og oft hefur komið fram í okkar röðum eru áhyggjur amatöra vegna gagnaflutnings á rafnetinu allmiklar. Nú í dag, þegar þetta er skrifað, höfum við í stjórn ÍRA reynt að fá menn frá fjarskipta-fyrirtækinu sem stendur að þessum tilraunum til þess að koma á almennan félagsfund hjá okkur til þess að segja okkur frá því hvernig gengur með verkefnið, ekki aðeins til þess að við gætum lýst áhyggjum okkar heldur einnig til þess að þeir geti komið sínu að. En því miður hafa þeir menn sem okkur var bent á að hafa samband við alveg látið það vera að svara bréfum og raf-pósti frá okkur. Er það all miður.

Allmikil aukning er á truflunum á 160 og 80 metrum og hafa nokkrir amatörar haldið því fram með réttu eða ekki að þarna sé þessum ganga-flutningum um raflínur um að kenna

Nú í mars nk. er fyrirhuguð ráðstefna erlendis þar sem þessi mál verða rædd og af því sem ég hefi lesið er það ekki aðeins við radióamatörar sem hafa áhyggjur af þessum málum. Kannski ættum við hjá ÍRA að fara fram á að einn maður frá okkur fengi að vera með í sendinefndinni.

Nú í haust var haldið námskeið í umsjón radióskáta fyrir verðandi amatöra og tókst það ágætlega og hafa nokkrir nú þegar heyrst á amatöra tíðnum bæði á HF og VHF og vonandi koma margir á eftir.
CQ TF febrúar 2001

Í framhaldi af þessu námskeiði hafa nokkrir amatörar með aðstoð umsjónarmanns heimasíðu ÍRA komið upp góðum síðum fyrir fræðsluefni á íslensku og var þarna haldið áfram þeirri vinnu sem TF3JA byrjaði á fyrir 3 árum. Að öðrum ólöstuðum á TF3HKT þar mestan þátt.

Oft hafa okkur borist óskir um lesefni um radióefni á íslensku en ávallt sagt að því miður væri fátt eitt til um það.

Síðast liðið haust sótti stjórn ÍRA um fjárveitingu til ÍTR til útgáfu á efni fyrir amatöra á íslensku en enn hefur ekki borist svar um þetta en vonandi fást einhverjir peningar til þessa verkefnis, sem er nokkuð áriðandi.

TF3RJT og TF3JFT hafa hrundið af stað söfnun á endurvarpa á UHF tíðni. Vonandi tekst þeim að safna nægu fé til þess að geta hrundið þessu í framkvæmd. Til þess að þetta geti orðið að veruleika, þarf u.þ.b. 120 þúsund krónur. Með bestu kveðjum

TF3HP Haraldur Þórðarson.

**Yesterday,
All those backups seemed a waste of pay.
Now my database has gone away.
Oh I believe in yesterday.**

**Suddenly,
There's not half the files there used to be,
And there's a milestone hanging over me
The system crashed so suddenly.**

**I pushed something wrong
What it was I could not say.**

**Now all my data's gone
and I long for yesterday-ay-ay-ay.**

**Yesterday,
The need for back-ups seemed so far away.
I knew my data was all here to stay,
Now I believe in yesterday.**

Fundargerðir stjórnarfunda

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Fundur í stjórn ÍRA 7.12. 2000 kl. 20:30 í Próttheimum.

Mættir voru TF3HP, TF3GB, TF3WOT og TF3VS. TF3TXT mætti ekki og ekki vitað um ástæður.

1. Próf fóru fram hjá Pof til amatörréttinda í lok nóvember, eins og til stóð. 8 mættu til prófs, en ekki er vitað hver prófniðurstaða varð. Nokkuð var rætt um aðferðir og útfærslur sem leggja mætti til í þeim tilgangi að hraða niðurstöðum á prófum, en nokkuð þykir skorta á að viðunandi hraði hafi verið á því undanfarin ár.

2. TF3AO hefur ritað félaginu bréf og farið fram á sótt verði um að hann megi nota kallmerkið TF2AO þegar hann dvelur á landareign fjölskyldu sinnar í Borgarfirði. Mælt með og ritara falið að koma erindinu áfram.

3. Pof hefur vísað erindi til félagsins frá amatörklúbbs starfsmanna Stöðvar 2, þar sem farið er fram á ótímabundið leyfi til að T-leyfishafar megi starfrækja stöð í keppni. Samþykkt að vísa til erindis ÍRA til stofnunarinnar frá 1998, sem enn er óafgreitt og mælast til að það verði afgreitt. Í ljósi þess sé síðan hægt að gefa umsögn um sambærileg erindi. Ritara falið að skrifa Pof í framhaldi af þessu.

4. Rætt um efni til að taka fyrir á félagsfundum. Tveir félagar eru reiðubúnir að halda kynningar-fyrirlestur, þeir TF3OM um fjarstýritækni með radíói og TF3MA um sjálfvalið efni. Þá var rætt um möguleika á að fá fulltrúa Línu-nets til að kynna internetvæðingu félagsins á raflínunum þar sem þeir gætu upplýst okkur um ýmislegt sem brennur á amatörum. Varaformanni falið að leita eftir fram-sögumanni.

5. Reikningaskoðunarmaður, TF3DC, hefur ritað formanni bréf og mælir hann með að stjórn samþykki að fella niður félagsgjöld stjórnarmanna, enda leggi þeir ærna vinnu til félagsins sem er ólaunuð. Umræður urðu stuttar um erindið og var formanni falið að beina því til hans að leggja þetta til á aðalfundi, væri alvara með tillögunni, en almennt lýstu stjórnarmenn sig andvíga þessháttar fyrirkomulagi, enda erfitt að draga mörkin hvað þetta varðaði.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð ritaði TF3VS

Stjórnarfundur í ÍRA haldinn í Próttheimum 4. 1. 2001 kl. 20:45

Allir stjórnarmenn mættir.

1. Formaður bauð stjórnarmenn velkomna og þakkaði samstarf á liðnu ári.

2. Gjaldkeri greindi frá umsókn er hann lagði inn til ÍTR fyrir styrk til félagsins. Ekkert hefur frést af framvindu hennar og var honum falið að fylgja málinu eftir.

3. Rætt um uppfærslu félagatals. TF3WOT og TF3TXT höfðu tekist það á hendur og brýndi formaður þá til dáða við verkið.

4. Ekki hefur borist svar frá Pof varðandi fundi vegna tillagna félagsins um breytingar á reglugerð um radíóamatöra. Ritara falið að skrifa stofnuninni formlega bréf vegna þessa.

5. Varaformaður greindi frá tilraunum sínum til að fá fulltrúa frá Línu-neti til að halda fyrirlestur á félagsfundum. Ekkert svar hefur borist við bréfi hans, í símtölum var tekið dræmlega í erindið.

6. Þá var rætt um væntanlegt fræðsluefni á félagsfundum. TF3TXT tók að sér að halda kynningu á fjarskiptum amatöra um gervihnetti og verður sá fundur í mars.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 21:30

Fundargerð ritað TF3VS

TF kallmerki í RADCOM.

Það er ekki oft sem það kemur fyrir að maður rekist á mörg TF kallmerki þegar rýnt er í erlend Amatör blöð.

Það gerðist þó hjá mér fyrir stuttu þegar ég var að í kíkja í Október heftið 2000 af Radcom. Og meira að segja voru þau öll í sama dálkinum.

Um var að ræða 50 Mhz "band report" og var það GW7SMV sem átti skýrsluna. Ég stikla aðeins á því sem að "okkar" mönnum snýr: In July and TF3GW (HP94) on the 23rd. TF8ITT (HP84), and TF3KET (HP94) on the 29th 5 August and the next day with another Icelander, TF3WOT/M (Ip24).

73 de TF3AO

Radíóskátar hittast á mánudagskvöldum í nýrri aðstöðu sinni í Bólinu í Mosfellsbæ.

TDOTA verður 24-25 feb. og ætla þeir að taka þátt. Áhugasamir eru hvattir til að hafa samband við Konráð eða Völu (heimasími: 565-9096)

QRP

Niels J. Kristjánsson TF3NJ/VE6NJK



Sælir félagar.

Gleðileg ár (eða nýja öld eftir því hvernig menn eru sinnaðir í stærðfræði).

Best er að byrja þennan pistil á að segja frá afrekum VE7SL en hann stefndi á WAS (Worked All States) notandi Tuna

Tin II eins og þann sem ég fjallaði um í síðasta blaði.

Steve, eins og hann heitir, smíðaði sendinn 25 júlí á síðasta ári og það tók hann ekki langann tíma að komast að því að túnfiskdósinn var ekki bara leikfang og kom honum á óvart að það var hægt að nota túnfiskdósina til þess að hafa samband lengra en út fyrir túnfótinn.

Öll 50 fylki U.S.A. voru komin í loggin fyrir áramótin og telst þetta vel að verki staðið með 350mW sendiorku alla leið frá eyju við vesturströnd Kanada. Það er dálítill spotti frá vesturströndinni yfir á austurströndina, þetta er heimsálfa eins sjá má á landakorti.

Loftnetið sem var notað er hallandi dípóll (Sloper) og sagðist hann hafa grafið 30 víra (radials) í jörðu til að auka nýtnina á lofnetinu og hafi það gert töluverðan mun, lofnetið er ekki nema 10 metra frá flæðarmálinu og hafið er Kyrrahafið.

Steve notaði handlykil og var móttakarinn FT-1000 MP enda ekkert sem segir til um að menn geti ekki notað almennilega móttakara þó sendiorkan sé lítil.

Eitt af því sem menn geta gert ef þeir hafa áhuga á að prófa QRP er að skrúfa niður sendiorkuna á QRO stöðinni sem þeir nota daglega.

Ég ætla ekki að fara út í þá sálma hver munurinn sé á S-mælinum ef sent er með 1W eða 100W Það hafa svo margir gert að það væri verið að bera í bakkafullann lækinn. Reynslan hefur kennt mér að ef ég nota 5W og sá sem ég tala við er 100W þá er munurinn á styrk oftast tvær einingar á styrk mæli, oft hreyfir stöðin sem talað er við ekki mælinn en ef skilyrði eru góð og QRM/QRN lítið næst oftast samband. Helstu rökin fyrir því að prófa QRP eru þau að ef maður skrúfar niður aflíð og stöðin sem verið er að kalla á heyrir ekki í manni þá veit hann ekki hver kallaði og menn þurfa því ekki að vera að skammast sín HI HI. Samt skulu menn ekki verða undrandi ef svarað er, fyrir þá sem "þora" að prófa er ekki vitlaust að minka sendiorkuna um helming t.d. í 50W úr 100W og ef það virkar er óhætt að fara í 25W og svo framvegis þar til komið er niður í 5W CW eða 10W SSB.

Þeir sem ánetjast fara niður fyrir þessi mörk og eru

CQ TF febrúar 2001

jafnvel QRPp sem er skilgreining á minna en 1W sendiorku, sumir fara niður fyrir 100mW og eru jafnvel 5mW. Veittar eru viðurkenningar fyrir sambönd sem eru 1000 mílur eða meira fyrir hvert Watt (1000m/W) sem sendiorkan er og er ótrúlegur árangur sem næst þegar menn leggjast í svona lagað, betra er þá að hafa gott loftnet.

Nú verður undirritaður að játa á sig nokkuð sem ekki er í anda QRP en samt óbeint tengt lítilli útgeislunarorku. Fyrir nokkrum mánuðum var ég plataður til þess að standa eina vakt í kontest hjá DX klúbb hérna en þeir eiga oft í erfiðleikum að manna CW kontesta. Mér var sagt að þar sem ekki væri neinn á undan minni hundavakt yrði allt læst og slökkt á öllu nema logg tölvunni. Þetta stóðst og kveikti ég á öllu saman og ætlaði mér að byrja að ráðast á 40m þar sem ekki var kominn dagur, örfáar



stöðvar heyrðust en ég hafði ekki haft fyrir því að athuga skilyrðin áður en ég fór að heiman.

Ég kallaði nokkrum sinnum, FT-1000D og 150W, en fékk ekkert svar, hmmm.....? Ég var einn og þar sem enginn af mínum QRP félögum sá til og auk þess notandi kallmerki stöðvarinnar en ekki mitt eigið setti ég Henry gamla (línumagnara) í gang og kallaði nú með 1500 Wöttum. Strax var svarað og 10 QSO náðust á augnabliki áður en ég rak augun í standbylgju mælinn sem sýndi sama afl í báðar áttir??? Nánari athugun leiddi í ljós að valrofinn fyrir lofnetin var stilltur á jörð!!! Ég hafði sent 1500W til jarðar og haft samband yfir 5000km leið. Ég hef ekki hugmynd um hve sterk útgeislunin var en þori að ábyrgjast að hún var ekki tiltakanlega mikil.

Í næsta blaði K1.

72 de Niels TF3NJ/VE6NJK
QRP Vi Minore, Plus Gaudium.

Myndin hér að ofan er fengin að láni á heimasíðu umrædds klúbbs og hana tók Dave VE6DV.

J-pól loftnet

Vilhjálmur Í. Sigurjónsson TF3VS



Sæll gamli!

Ég ætla að segja þér frá VHF/UHF loftneti sem ég hef smíðað og hefur reynt mér býsna vel. Þetta er hinn svokallaði J-póll og dregur loftnetið nafn sitt af löguninni. Eins og mörg loftnet er hægt að smíða

það úr ýmsu efni og með ýmislegum útfærslum, ég hef prófað það úr áli og vír, en það sem mér hefur líkað best er að nota eirror, þau sömu sem notuð eru í pípulagnir.

Ég hef vafráð fram og aftur um netið og séð ýmislegt um þessi net, en allir virðast sammála um ágæti þeirra, sé gætt að örfáum grundvallaratriðum í smíðinni. Kostirnir eru þó nokkrir og má nefna helsta að

- það er mátulega bandbreitt fyrir metrabylgjuna
- nokkuð einfalt í smíði
- stenst veðurálag afbragðsvel
- sama netið passar bæði fyrir 2m og 70cm án nokkurra tilfæringa
- ódýrt og auðfengið efni
- þægilegt í uppsetningu, t.d. þarf ekkert að huga að einangrun frá því sem það er fest við

Það sem er helst að varast við þessa gerð loftneta er að það getur orðið RF kúpling niður í fæðilínuna og hún fer þá að verka eins og loftnet og allt fer úr jafnvægi. Auðveldasta leiðin til að koma í veg fyrir það er að vinda fæðilínuna efst uppi í hringi og búa til RF-choke úr henni. Þá er engin (lítil sem) hættu á að þetta gerist.

Hjá mér var markmiðið að smíða net fyrir 2m og 70cm sem ég gæti sett á strompinn á húsinu og komið sem hæst upp, en húsið mitt stendur í brekku og eru nokkuð há hús ofar í lóðinni sem skyggja nokkuð á. Það fyrsta sem ég gerði var að taka rörið sem hélt sjónvarpsloftnetinu og setja í staðinn 3m langt vatnsrör. Sjónvarpsgreiðan fór svo aftur á mitt rörið, en j-póllinn átti að fara efst

Þvermálið á rörinu í loftnetið er ekki grundvallaratriði, en ég valdi 12mm efni af hagkvæmnisástæðum. Það er það grennsta sem mér fannst óhætt að setja upp og tekur minni vind á sig en sverara efni. Svo er það ódýrast sem er líka kostur, hi.

Teikningarnar sem ég fann gerðu ráð fyrir að allt efnið væri skorið niður með rörskera og síðan væri það kveikt saman, en ég vildi auka styrkinn sem mest fyrir svona grannt rör og ákvað því að fara aðeins aðra leið. Þess vegna tók ég heilt rör í lengri legginn og breytti T-stykkinu sem festir stutta stubbinn við. Ég boraði með 12mm bor í gegnum T-stykkið endilangt og tók þar með stoppin úr því sem varna því að rör geti gengið of langt inn. Þá er hægt að renna stykkinu eftir langa rörinu á sinn stað án þess að skera það í sundur. Ég vildi vera alveg viss um að þetta bognaði svo ekki í ísingu og vetrarroki, svo ég fékk mér 70-80 cm langt eirror, 10mm, en það passar akkúrat inn í 12mm rörið. Því stakk ég upp í rörið neðanvert og kveikti fast þar. Þar með hefur rörið tvöfaldan styrk að neðan.

Þegar kemur að því að festa fæðilínuna við er jafnframt verið að stilla standbylgjuna, en hæðin á fæðilínupuntinum stjórnar henni. Ef allt er með felldu á að vera nóg að fara eftir teikningunni, en ýmislegt getur haft áhrif til að skekkja fæðilínustaðinn. Þess vegna er best að lóða vírin ekki strax við heldur festa hann til bráðabirgða og mæla síðan standbylgjuna. Það getur þurft að fara aðeins upp eða niður til að fá bestu stillingu. Þá er nú aldeilis fínt að eiga MFJ loftnetsmælinn, með honum er hægt að stilla þetta af upp á hár eins og best verður. Sumir mæla með því að borað sé í rörið og snittað fyrir skrúfu til að festa fæðilínu, en það fannst mér of groddalegt. Ég hef notað eirskó sem eru skrúfaðir utaná og það hefur komið ágætlega út.

Jæja, hvernig eru þá hlutföllin í þessu neti? Það er best að skýra það með myndinni og töflunni hér á næstu síðu.

Ég smíðaði rörútgefuna fyrir næstum þremur árum og það er óhætt að segja að netið hefur staðið sig frábærlega. Annarsstaðar á húsinu er ég með svipað net, sem byggt er inn í plaströr. Það er svosem ágætt líka, en það er mikill munur á vindálaginu. Plaströrið er búið að beygja festingarnar tvisvar sinnum í miklu roki, meðan j-póllinn haggast ekki. Eini gallinn við hann er að hann fer að verða eins og tónkvísl í 25m/s vindi og þá heyrir svolítið í honum. Ekkert til skaða, maður veit þá í öllu falli að hann er ekki fallinn, hi.

Ég sá grein á netinu um daginn um svona net, þar sem búið var að bæta enn við hönnunina. Þá var notað T-stykki þar sem hné-stykkið er á

J-póll úr eirrörum mál í sm, tíðni				
	A	B	C	D
Tíðni	21488/MHz	7132/MHz	701/MHz	671/MHz
144,5	148,7	49,4	4,9	4,6
145	148,2	49,2	4,8	4,6
145,5	147,7	49,0	4,8	4,6

Mynd 1:
J-póll úr hörðum 12mm eirrörum. Sjá töflu um mál. Ath. hlutföll í myndinni eru ekki rétt.

T.d. A Reiknist 21488 deilt með tíðni=sm.



teikningunni hérna. Í opna endann niður var svo lóðað loftnetstengi og vírinn tekinn upp í gegnum stutta rörið og borað gat á til að taka hann út í langa rörið. Þá er bara langa rörið fætt uppi, mótpóllinn kemur beint niðri á tenginu, en það skiptir víst öngvu máli. Ég hef ekki prófað þetta en geri kannski næst þegar ég smíða svona net.

Annað sem mér hefur verið sagt, en ekki prófað, er að það skipti engu hvort kápan eða kjarninn í fæðilínunni er lóðaður við langa legginn. Það geti jafnvel verið betra að festa kjarnann við stutta legginn, þá verði loftnetið suðminna. Það þarf ég að prófa!

Annar kostur og nokkuð fýsilegur í útfærslu á þessu loftneti er að búa það til úr 300 ohma tvíleiðara, þú veist þessum gamla sjónvarps-loftnetsvír, eða þannig. Þannig er hægt að útbúa ágætis loftnet sem hægt er að rúlla upp og hengja hvar sem er t.d. á ferðalögum. Þá er mælt með að nota RG-174 kapal í fæðilínuna vegna þess hver hann er mikið líprari en RG-58. Þetta hef ég gert með fínum árangri, t.d. í sumarbústað og víðar. Þá gilda aðeins aðrar tölur, vegna þess að bilið á milli leggjanna er fast og miklu mjórara en á rörunum. Ég komst yfir forrit sem reiknar þetta út og hér eru gefin gildin fyrir 145 MHz.

Og þá er bara að drífa sig í smíðar fyrir vorið.

73 de TF3VS



Mynd 2: J-póll úr 300 ohm tvíleiðara, allar lengdir eru í sm. Ath. hlutföll í myndinni eru ekki rétt.

Keppnisdagatal

Bruce Horn WA7BNM Vefsíða <http://www.hornucopia.com/contestcal/>

Febrúar, 2001

Vermont QSO Party- - - - -	0000Z, Feb 3 to 2400Z, Feb 4
New Hampshire QSO Party - - - - -	0000Z, Feb 3 to 2400Z, Feb 4
10-10 Int. Winter Contest, SSB - - - - -	0001Z, Feb 3 to 2400Z, Feb 4
Minnesota QSO Party - - - - -	1400Z-2400Z, Feb 3
YL-OM Contest, CW- - - - -	1400Z, Feb 3 to 0200Z, Feb 5
Delaware QSO Party - - - - -	1700Z, Feb 3 to 0500Z, Feb 4 and
- - - - -	1300Z, Feb 4 to 0100Z, Feb 5
Mexico RTTY International Contest - - - - -	1800Z, Feb 3 to 2400Z, Feb 4
North American Sprint, Phone - - - - -	0000Z-0400Z, Feb 4
CQ/RJ WW RTTY WPX Contest - - - - -	0000Z, Feb 10 to 2400Z, Feb 11
Asia-Pacific Sprint, CW - - - - -	1100Z-1300Z, Feb 10
Dutch PACC Contest - - - - -	1200Z, Feb 10 to 1200Z, Feb 11
YL-OM Contest, SSB - - - - -	1400Z, Feb 10 to 0200Z, Feb 12
FISTS Winter Sprint - - - - -	1700Z-2100Z, Feb 10
RSGB 1.8 MHz Contest, CW - - - - -	2100Z, Feb 10 to 0100Z, Feb 11
North American Sprint, CW- - - - -	0000Z-0400Z, Feb 11
QRP ARCI Winter Fireside SSB Sprint - - - - -	2000Z-2400Z, Feb 11
ARRL School Club Roundup - - - - -	1300Z, Feb 12 to 0100Z, Feb 16
ARRL Inter. DX Contest, CW - - - - -	0000Z, Feb 17 to 2400Z, Feb 18
CQ 160-Meter Contest, SSB - - - - -	2200Z, Feb 23 to 1600Z, Feb 25
YL-ISSB QSO Party, SSB- - - - -	0000Z, Feb 24 to 2400Z, Feb 25
REF Contest, SSB- - - - -	0600Z, Feb 24 to 1800Z, Feb 25
North Carolina QSO Party- - - - -	1200Z-2359Z, Feb 24 and
- - - - -	1200Z-2359Z, Feb 25
UBA Contest, CW - - - - -	1300Z, Feb 24 to 1300Z, Feb 25
RSGB 7 MHz DX Contest, CW - - - - -	1500Z, Feb 24 to 0900Z, Feb 25
High Speed Club CW Contest- - - - -	0900Z-1100Z and 1500Z-1700Z, Feb 25
CQC Winter QSO Party - - - - -	2200Z, Feb 25 to 0359Z, Feb 26

March, 2001

ARRL Inter. DX Contest, SSB - - - - -	0000Z, Mar 3 to 2400Z, Mar 4
SLP Competition (SWL)- - - - -	0000Z, Mar 3 to 2400Z, Mar 4
World Wide Locator Contest - - - - -	0000Z, Mar 10 to 2400Z, Mar 11
Southern African HF Field Day- - - - -	1000Z, Mar 10 to 1000Z, Mar 11
RSGB Commonwealth Contest, CW- - - - -	1200Z, Mar 10 to 1200Z, Mar 11
QCWA QSO Party - - - - -	1900Z, Mar 10 to 1900Z, Mar 11
North American Sprint, RTTY - - - - -	0000Z-0400Z, Mar 11
UBA Spring Contest, CW - - - - -	0700Z-1100Z, Mar 11
Wisconsin QSO Party - - - - -	1800Z, Mar 11 to 0100Z, Mar 12
Alaska QSO Party- - - - -	0000Z, Mar 17 to 2400Z, Mar 18
Bermuda Contest - - - - -	0001Z, Mar 17 to 2400Z, Mar 18
BARTG WW RTTY Contest - - - - -	0200Z, Mar 17 to 0200Z, Mar 19
Russian DX Contest - - - - -	1200Z, Mar 17 to 1200Z, Mar 18
Virginia QSO Party - - - - -	1800Z, Mar 17 to 0200Z, Mar 19
CQ WW WPX Contest, SSB - - - - -	0000Z, Mar 24 to 2400Z, Mar 25
SLP Competition (SWL)- - - - -	0000Z, Mar 24 to 2400Z, Mar 25

April, 2001

SLP Competition (SWL)- - - - -	0000Z, Apr 7 to 2400Z, Apr 8
SP DX Contest - - - - -	1500Z, Apr 7 to 1500Z, Apr 8
EA RTTY Contest - - - - -	1600Z, Apr 7 to 1600Z, Apr 8
UBA Spring Contest, SSB- - - - -	0600Z-1000Z, Apr 8
DX YL to NA YL Contest, CW- - - - -	1400Z, Apr 11 to 0200Z, Apr 13
Japan Int. DX Contest, 20-10m - - - - -	2300Z, Apr 13 to 2300Z, Apr 15

Keppni-Contest

Ársæll Óskarsson TF3AO



Frá því að ég skrifaði grein í síðasta blað hefur nokkur þátttaka verið af hálfu TF manna í keppnum. Bjarni TF3GB tók þátt í CQWW CW keppninni undir sínu eigin kallmerki, heiman frá sér, sem “Single Operator Low Power” og

gerði það bara nokkuð gott með: 2063 sambönd, 57 “zona” og 208 lönd. Þetta gaf Bjarna rúmlega 835 þúsund punkta.

Siggi, TF3CW, tók þátt í þessari sömu keppni sem “Single Operator High Power” í félagsheimilinu okkar undir kallmerki félagsins, TF3IRA. Siggi var með: 2790 sambönd, 99 “zona” og 333 lönd. Þetta gerði rúmlega 2.1 milljónir punkta.

Skilyrði þessa helgi voru ekkert til að hrópa húrta fyrir og hefði árangur væntanlegra orðið betri ef þau hefðu verið betri.

Í ARRL 10 metra SSB keppninni í desember tóku þátt, undir kallmerki félagsins, undirritaður og TF3HP. Samböndin urðu 1318 og stigaútkoman reyndist rúmlega 303 þúsund stig. Mér eru sérstaklega minnisstæðir síðustu 2 klst. sem við vorum í keppninni, en þá hafði Halli þurft að fara heim og ég

innbyrti 270 sambönd frá kl 1516 til 1716. Enda var röddin eiginlega farin og þrekið langt komið, að ekki sé talað um hvað þorsti hrjáði. Það hefði létt talsvert hefði maður haft svokallaðan “páfagauk”, en það er betur þekkt tæki sem “Voice Keyer”.

TF3WW, klúbbstöð starfsmanna Íslenska Útvarpsfélagsins, var einnig með í þessari sömu keppni, en ég hef engar upplýsingar um gengi þeirra (tilvalið væri að koma niðurstöðum og uppákomum úr svona keppnum til undirritaðs svo að hann hefði meira efni úr að móða til þessara greinaskrifa, nú eða skrifa um þetta sjálfir).

Í þessu eintaki af CQ TF er Keppnis almanak (Contest Calendar). Auðvitað er mismunandi áhugi á hinum og þessum keppnum, en fyrir minn smekk er einhver skemmtilegasta keppni ársins, 24. og 25. mars, þ.e.a.s. CQ WW WPX SSB keppnin. Í þessari keppni bregður fyrir hinum ólíklegustu forskeytum (prefixum) og öll gefa þau margfaldara. Ég er nokkuð viss um að TF3IRA verður með í þeirri keppni og vonandi fleiri. En auðvitað byggist þetta allt á því að menn séu tilbúnir til að safna liði, eigi að vera með M/S (Multi operator / Single transmitter) þátttöku. Með þökk fyrir lesturinn.

73 de TF3AO

MARAC County Hunter Contest, SSB	-----	0000Z, Apr 14 to 2400Z, Apr 15
QRP ARCI Spring QSO Party	-----	1200Z, Apr 14 to 2400Z, Apr 15
EU Spring Sprint, SSB	-----	1500Z-1859Z, Apr 14
His Maj. King of Spain Contest	-----	1800Z, Apr 14 to 1800Z, Apr 15
YU DX Contest	-----	1200Z, Apr 21 to 1200Z, Apr 22
EU Spring Sprint, CW	-----	1500Z-1859Z, Apr 21
Michigan QSO Party	-----	1600Z, Apr 21 to 0400Z, Apr 22
Holyland DX Contest	-----	1800Z, Apr 21 to 1800Z, Apr 22
Ontario QSO Party	-----	1800Z, Apr 21 to 1800Z, Apr 22
Harry Angel Memorial Sprint	-----	1100Z-1246Z, Apr 25
DX YL to NA YL Contest, SSB	-----	1400Z, Apr 25 to 0200Z, Apr 27
SP DX RTTY Contest	-----	1200Z, Apr 28 to 1200Z, Apr 29
Helvetia Contest	-----	1300Z, Apr 28 to 1300Z, Apr 29
Florida QSO Party	-----	1600Z, April 28 to 0159Z, April 29 and
	-----	1200Z-2159Z, April 29
Nebraska QSO Party	-----	1700Z, Apr 28 to 1700Z, Apr 29

May, 2001

MARAC County Hunter Contest, CW	-----	0000Z, May 5 to 2400Z, May 6
IPA Contest, CW	-----	0000Z-2359Z, May 5
SLP Competition (SWL)	-----	0000Z, May 5 to 2400Z, May 6
10-10 Int. Spring Contest, CW	-----	0001Z, May 5 to 2400Z, May 6
Massachusetts QSO Party	-----	1800Z, May 5 to 0400Z, May 6 and
	-----	1100Z-2100Z, May 6
ARI International DX Contest	-----	2000Z, May 5 to 2000Z, May 6
IPA Contest, SSB	-----	0000Z-2359Z, May 6

Námskeið til amatörleyfis

Vala Dröfn Hauksdóttir TF3VD

Í haust stóðu Radíóskátar fyrir námskeiði fyrir þá sem höfðu hug á að spreyta sig á prófi til amatörréttinda. Skráðir á námskeiðið voru 14, þar af 6 utan af landi (Vestmannaeyjar, Bolungarvík, Keflavík og Hvolsvöllur). Útbúin var vegleg mappa fyrir námskeiði en í hana er búið að safna saman ýmsu ítarefni á Íslensku ásamt PW Passport to amateur radio. Möppu þessa fengu allir þátttakendur afhenta. Nemendur utan af landi fengu auk þess sendar glósur eftir tíma og voru jafnframt í tölvupóstsambandi og símasambandi við leiðbeinendur námskeiðsins eftir því sem þeim þótti þörf á.

Námskeiðið byrjaði af fullum krafti föstudaginn 27. október og lauk sunnudaginn 26. nóvember en þann dag var prófið haldið. Tvær helgar voru inn í þessu plani, í upphafi og lok námskeiðs. Þetta var gert svona fyrst og fremst fyrir fólk í utan af landi. Þetta fyrirkomulag hentar vel fyrir flesta en sumir hefðu þó kosið lengra námskeið. Þetta fyrirkomulag reynir mjög á sjálfsnám nemanda.

Samhliða námskeiðinu var Axel Sölva, TF3AX, með morsekennslu. Því miður var námskeiðið of stutt til að menn næðu að spreyta sig á morseprófi en nokkrir nemendur hafa fullan hug á að halda áfram með morsenámið og verður þráðurinn væntanlega tekinn upp mjög fljótlega með dyggri aðstoð Axels. Ef einhverjir hafa áhuga á að komast á morsenámskeið (til að læra eða rifja upp) hafið þá endilega samband við undirritaða til að fá nánari upplýsingar um hvenær herlegheitin byrja.

Í prófið mættu 8 manns. Þegar þetta er ritað er einn kominn með A-leyfið, einn með N-leyfið fyrir utan morse (á eftir að klára það), tveir með T-leyfið og fjórir eru enn að bíða eftir niðurstöðum. Nýr A-leyfishafi er staðsettur í TF4, heitir Finnur Tómasson og býr í Bolungarvík, hann er með kallmerkið TF4FT og er þegar farinn að morsa á fullu. Nýjir T-leyfishafar eru Guðmundur Sigurðsson TF3GST og Ólafía Jónatansdóttir TF3NOT, bæði í Radíóskátum.

Rafiðnaðarsamband Íslands lánaði Radíóskátum sal í húsnæði sínu að Stórhöfða 31 til að halda námskeiðið í og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Umsjónarmenn námskeiðsins voru Haukur Konráðsson, TF3HKT og Vala Dröfn Hauksdóttir, TF3VD. Kennarar voru auk þeirra Andrés Þórarinnsson, TF3AM, Baldur Þorgilsson, TF3BP,

Vilhjálmur Sigurjónsson, TF3VS, Þór Þórisson, TF3GW, Ólafur Ólafsson, TF3MLT, bræðurnir Lárus Frans (TF3LFT) og Ágúst Guðmundssynir, Konráð Þórisson, TF3KET og Jónas Friðgeirsson, TF3JFT. Radíóskátar kunna þeim öllum bestu þakkir fyrir aðstoðina.

73 de TF3VD

Er Þetta skemmtilegt áhugamál?

Frá mínu sjónarmiði er þetta mjög skemmtilegt áhugamál (vil frekar elta DX heldur en t.d. golf bolta). Skemmtilegustu dagarnir voru á A leyfinu, alltaf ný lönd að koma inn í logginn, hafði yfir 1000 qso á A leyfinu og náði á annað hundrað löndum.

Ýmislegt annað skemmtilegt er hægt að gera, eins og til dæmis að fara í eyjaferð í IOTA keppninni, taka þátt í JOTA og Vita helginni.

Síða 1998 hef ég farið á hverju ári til Vestmannaeyja, alltaf jafn skemmtilegt, en misjöfn skilyrði milli ára. Á vita helginni 2000, hýrðumst við Smári (TF8SM) upp í Garðskagavita og höfðum mjög gaman að, ætlum að gera þetta á hverju ári í framtíðinni. Svo fórum við Óli (TF3MLT) upp í Borgarfjörð seinnipart sumars 2000 og notuðum kallmerkið TF2000, svona í tilefni aldarinnar, og söfnuðum í leiðinni 18.000 krónum fyrir blint fólk í Bretlandi.

Góð hugmynd væri að hafa þetta að árlegum atburði, og safna fyrir ÍRA, til að við gætum keypt okkur húsnæði, við þyrftum að safna áheitum frá fyrirtækjum, bönkum og einstaklingum, ég er viss um að við gætum safnað hundruðum þúsunda á hverju ári, og gætum fjárfest í húsnæði á innan við fimm árum.

Alltaf er að tínast inn nýr DX í logginn, þó svo að það gangi hægar nú en á A leyfinu.

Á síðasta ári voru A52A, 4W6, K5K, VK0MM merkilegustu DXarnir, en nú er að byrja nýtt ár, og eru D6 og 3Y mest spennandi þessa dagana. Gaman væri að heyra hvað aðrir amatörar eru að gera, og mættu þeir gjarnan skrifa um það í CQ-TF, því alltaf er vöntun á efni í blaðið.

73 de TF3GX

CQ TF febrúar 2001

Af Reykjanesi

Guðlaugur K. Jónsson TF8GX

K5K

Þann 23. 10. 2000 sat ég í sjakknum og slappaði af eftir kvöldmatinn. Ég fór í rólegheitunum yfir böndin, mest áberandi voru stóru pæluppinn á K5K stöðina á Kingman rífi, þeir voru á flest öllum böndum.

Nú hafði ég Kenwood TS-950 og gat reynt að ná þeim splitt án vandræða, var með FT-707 þegar ég náði A52A í sumar, og var lengi að því, vegna þess að ég varð að snúa VFOinu allan tímann upp og niður.

Vonlaust var að reyna að kalla á þá á meðan þeir voru að vinna Evrópu, því líkur hellingur af "LIDS", þegar þeir snéru sér að U.S.A. kallaði ég annað slagið á þá, og skyndilega heyri ég að hann segir GX! Mér dauð brá náttúrulega, datt ekki í hug að hann myndi ná mér svo fljótt. "Er þetta K5K?" spurði ég eins og asni, "Já, þetta er K5K" sagði hann, "varst þú ekki að kalla á mig?" spurði hann, "Jú, eh fyrirgefðu mér, ég er ekki í USA ég er TF8GX og þú ert fimm og níu" "það var ljómandi! Ég var að reyna að ná einhverjum í sön 40, en það er vonlaust vegna LIDS! í Evrópu". Bað ég hann afsökunar fyrir hönd Evrópubúa og þakkaði ég kærlega fyrir mig að lokum. Sagði hann þá að okkur í TF væri velkomið að kalla hvenær sem er, ekki bara þegar þeir kölluðu á Evrópu.

Þetta sama sagði hann Alan, VK0MM við mig taldi okkur ekki undir Evrópubúa, og að við mættum kalla hvenær sem er.

Já, það er stór plús að hafa TF í prefix! Virkar betur en 1000 wött!

RADÍÓ KARTÖFLUR!

Þann 21 maí 2000, sat ég í sjakknum og hafði bímað í vestur, 15m voru þokkalega góðir, og eftir að hafa svarað CQ kalli frá VE7KFM var ég beðinn að koma 10 niður, og þá byrjaði hið venjulega pælupp sem við TF menn þekkjum svo vel.

Eftir rúmlega 50 sambönd kallaði í mig VA3JQ, hann sagðist heita Jim, og eftir að hafa frætt mig um WX-RX-TX & ANT, spurði hann síðan um WX á TF. Gáði ég þá út um gluggann á sjakknum, og sá geisla kvöldsólarinnar skína á afturenda XYL, sem var að bogra yfir kartöflubeðinu. "WX er VY gott hér á TF, logn og hitinn 10°C, og XYL er að setja niður kartöflur núna í garðinum". "Hverskonar kartöflur er hún að setja niður?" spurði þá John, og virtist allur lifna við. "Ég veit nú ekki alveg hvað þær heita, en þær eru kringlóttar, hmm ætli þær kallist ekki Golden eye". Sagðist John þá vera kartöflu bóndi í Barry's Bay, og spurði mig hvað Framhald á síðu 14

Í þá gömlu góðu daga

Stefán Þórhallsson TF3S



Þegar ég var ungur strákur var ég farinn að fikta við Radíóið snemma.

Ég vissi að nokkrir voru komnir í loftið á cw Ég bjó þá á Skólavörðustígnum (21) Fyrir neðan mig í götunni var Einar TF3EA, en fyrir ofan var Hannes

TF3ZM (Seinna Hábar.) Hann var mikill cw maður og sennilega einn besti lykill á þessum árum.

Ég hlustaði mikið á Radio phone tæki sennilega RCA með góðri stuttbylgju og bandspreid á tuttugu metrum. Ég æfði mikið að taka morsið, en það gekk svona og svona, þar sem ég hafði engan beat osc. á tækinu. Ég átti ferðatæki, sem fóstri minn smíðaði. Það var með minature lömpum. (LMSW) Ég fann út að láta sveifluvakann í tækinu renna saman við cw stöðvarnar á 14 megariðum til að fá tón. Þá fóru nú hjólin að snúast. Eftir það gekk mér betur með morsið.

TF3ZM var mjög oft í loftinu og gott að æfa sig á honum. Ég gerði mér snemma ljóst að beat sveifluvakinn minn var í raun low power sendir og satt að segja var ég farinn að íhuga að prófa smá brall. Einn daginn setti ég lykil í 90volta háspennuna á ferðatækinu og viti menn þetta lyklaði all vel. Einn daginn kallar TF3ZM cw á 14megs. Enginn svarar honum svo ég bauna á hann TF3ZM 3svar de TF3 og hvað nú, ég vissi ekkert hvaða stafi ég ætti að nota. Ég leit á rafhlöðuhylkið, sem var stórt 90v+1.5v hláss, en á því stóð stórum stöfum 90VOLT og ég skellti VO aftan við TF3 og úr varð TF3VO.

Hannes kom til baka strax, en þá vandaðist málið nú var enginn beat osc. lengur, svo ég náði sama sem engu, enda nervös upp fyrir haus. Ég bað hann að endurtaka og það gerði hann enda fann hann ábyggilega að hálfgerður auli var á ferðinni. Þegar hann kom, aftur hugðist mér umleið og hann fór að senda að styðja á lykilinn til að fá beat tóninn og þá fór allt betur. Ekki sagði ég til mín, enda vissi ég að gáfulegast var að þegja.

Næst þegar ég hitti TF3ZM sagði ég honum alla söguna, enda hló hann vel að. Sagði hann mér að hann hefði grunað Gvend. Eftir þetta ævintýri kom ég oft í sjakkinn hjá Hannesi og varð okkur gott til vana. Ekki fór ég aftur í loftið fyr en ég fékk mitt leyfi 1951.

73 de TF3S

Af amatörradíói norðan heiða


Jón E. Berg TF5DZ

Ég leit í heimsókn til Billa ritstjóra með meiru um daginn. var hann þá að vinna að gerð næsta tölublaðs CQ TF. Kvartaði hann undan því að það vantaði efni í blaðið. Hafði ég þá á orði að ég gæti kannski skrifað um antenna tuner sem ég hafði smíðað síðastliðið sumar. Færðist þá ljómi yfir andlit kappans þegar hann sagði: "endilega". Ég hugsaði með mér hvað er ég nú búinn að koma mér í, en það var ekki aftur snúið.

Það hafði verið draumur minn lengi að smíða multiband tuner fyrir balanseraða fæðilínu, "Link Coupled Transmatch". Hef ég í nokkurn tíma verið að víða að mér efni bæði íhlutum og eins lesið efni um loftnet fæðilínur og transmatch. Í fyrrasumar lét ég svo til skarar skríða fann teikningu sem hentaði með smá breytingum. Minnst ég þess að móðir mín notaði sjaldan kökuuppskriftir óbreyttar.

Efst á teikningunni merkt "Ballanseruð fæðilína" er fæðilínan tengd á hinum endanum eru svartar örvar það eru krókóðflaklemmur til þess að tengja inn á spólurnar. Eins eru svörtu örvarnar neðan við spólurnar líka krókóðflaklemmur til þess að stytta eða lengja spólurnar eftir því á hvaða tíðni er verið að vinna. Í staðin fyrir krókóðflaklemmur er hægt að nota 3 póla skipti en þar sem hann var ekki til í mínum fórum var ekki um það að ræða. En það var mottó við smíði þessa að engu mátti til kosta bara nota það sem var til.

Spólurnar eru gerðar úr einni spólu sem ég átti hún var $2\frac{1}{2}$ " í þvermál og 5" löng c.a 48 vafningar. Auðvitað er hægt að nota aðra stærð af spólu í námunda við þessa. Spólurnar L1 og L3 eru hafðar jafnstórar 17 vafningar hver og eru sitt hvoru megin við spóluna merkt L2 sem er höfð 14 vafningar. Þéttirinn C1 er stillanlegur 350pf max og C1 er



stillanlegur 100pf max.

Höfst smíðin með því að íhlutumum var stillt upp á krossviðsplötu og tengdir. Út í skúr átti ég HF loftnet sem ég hafði pantað frá USA dípóll 40m



langur með 600 ohm ballanseraðri fæðilínu 30m langri. En lengd ballanseraðrar fæðilínu getur verið mjög löng þar sem tap er mjög lítið. Ók ég nú út í Höfðahverfi rétt við Grenivík þar sem mágur minn býr. Þar er nóg pláss til þess að setja upp loftnet og hef ég gert svolítið af því í gegnum tíðina. Loftnetið setti ég síðan upp í ca. 10m hæð og tengdi tjúnerinn. Reyndar þurfti ég að bæta við fæðilínuna aðeins þar sem hún náði ekki alveg inn í hjólhýsið þar sem ég hafði aðstöðu.

Ég byrjaði á að tjúna út á 20m bandinu gekk það mjög vel. Ég kallaði á CW CQ DX og viti menn JA3VAP svaraði og gaf 559. Ég prófaði síðan að tjúna út á öllum böndum frá 80m til 10m, og gekk

það mjög vel. Það þarf að passa að tengja eins inn á spólurnar L1 og L3. Gott er að skrifa hjá sér tengingu krókóðólakjaftanna fyrir hvert band þá er maður mjög fljótur að skipta um band og tjúna út.

Síðan smíðaði ég kassa utan um tjúnerinn úr 6mm krossvið sem ég átti málaði hann með gráu hömrúðu lakki.

Tjúner þennan og loftnetið notaði ég svo helgina 21. og 21. október 2000 við starfrækslu TF5JMA með góðum árangri. En stöð þessi komst víst í "heimsfréttirnar" en svo mátti skilja á orðum Völu TF3VD.

Jæja læt ég nú þessu lokið með bestu kveðjum að norðan.

Elding

Sigfús Jónsson TF5S/LA0BX



Þór með hamarinn

”You've got a friend” stóð í handbókinni sem fylgdi með lóðréttu 18AVT/WB loftnetinu sem ég keypti árið 1977. Þessi vinátta entist í 23 ár en þá bar svo við snemma einn ágúst morgun að hann Þór með

hamarinn var á ferðinni og sló í kringum sig af miklum móð. Mikið var búið að rigna og lágu skýin



rétt yfir hausnum á manni. Ekki var hægt að sofa í þessum látum og fórum við á fætur. Vildi konan

taka raftækin úr sambandi en ég latti heldur. Taldi að svona hefði þetta nú verið svo oft áður án þess að skemma eitt eða neitt en þó var ég löngu búinn að taka minn kæra IC-706 úr öllu sambandi við loftnet og rafkerfi.. Konan sagði að sér væri sárt um nýju þvottavélina og tók hana úr sambandi. Fór nú að draga úr veðrinu og ákváðum við að reyna að sofa ögn meira áður en farið yrði í vinnuna. Þá kom stóri smellurinn klukkan 05:28. Erfitt er að lýsa hljóðinu, sjálf þruman blönduð með undarlegu



hvæsi og var sem allt ætlaði um koll að keyra. Ég þaut út í glugga og fann sterka brunalykt. Sem betur fór hafði ekki kviknað í húsinu en loftnetið, fæðilína og jarðkapall voru illa útleikin ein og sjá má á myndunum. Ekki urðu neinar skemmdir á



öðrum búnaði, nema ISDN kassa símans. Mikill spennunundur hefur því verið á milli raf- og símakerfis eins og oft er í þrumuveðri. Svo vel vildi til að ég átti annað loftnet sömu tegundar og var það nú sett upp, nýtt jarðspjót slegið niður beint undir loftnetinu og þykkur kapall tengdur þar á milli. Var þetta vel sloppið og hefur eldingin sennilega verið af minni gerðinni. Ekki eru nema tvö ár síðan kröftugri eldingu sló niður hjá radióamatör sem býr stutt frá okkur. Eyðilagðist þar loftnetsturninn ásamt loftnetum, allur rafbúnaður í húsinu og aðal vatnslögnin í götunni.

73 de LA0BX

Nýtt íslenskt award

Brynjólfur Jónsson TF5BW



ÍRA gefur nú út í samvinnu við Radióskáta íslenskt Jamboree On The Air award og eru reglurnar þessar:

ÍRA JOTA Award

1. Awardið stendur til boða öllum Amatörleyfis-höfum og Hlusturum.
2. Awardið er veitt fyrir að hafa heyrt í eða haft samband við íslenskar JOTA Radióamatör-stöðvar og er gefið út í samvinnu við Íslenska Radióskáta.
3. Það eru enginn tíma, tíðni eða mótunar takmörk á samböndum.
4. Kröfur:
Heyra í eða hafa samband við a.m.k. tvær Íslenskar JOTA Radióamatör stöðvar.
ATH: Sambönd við stöðvar sem eru /TF gilda ekki fyrir þetta award.
5. Sambönd þurfa ekki að vera staðfest en allar upplýsingar um samböndin þurfa að fylgja umsókn.
6. Fyrsta award sem gefið er út til hvers DXCC lands verður uppfært sem slíkt og eins bands og mótunar árangur verður uppfærður sem slíkur verði um það beðið.
7. Gjald fyrir IRA JOTA Awardið er 8 IRCar eða 5.00 USD eða jafngildi í Íslensku krónum á hverjum tíma.

Umsóknir sendist til:

ÍRA Awards Manager
Brynjólfur Jónsson
Pósthólf 121
602 Akureyri

Gjalakeri minnir á
félagsgjöldin

Af Reykjanesi frh.

Það tæki langan tíma fyrir okkur á TF að fá uppskeruna OK. “Það tekur minnst 4 mánuði, og ekki er nú alltaf uppskeran góð”.

Mundi eftir 2 kílóum sem ég hafði sett niður og tekið upp sem 5 kíló. Sagði hann mér að þeir VE menn væru búnir að þróa kartöflur sem yrðu fullsprötnar á 6-8 vikum!!!

“Þetta væri nú aldeilis fínt að hafa fyrir okkur hér á TF“ sagði ég, og barmaði mér yfir krækiberjunum sem ég fengi venjulega upp úr mínum garði.

“Heyrðu! ég sendi þér bara í hvelli smá útsæði, og þú getur prófað hvernig þær vaxa á TF!“ Varð ég hálf klumsa, varð hugsað um tollinn og heilbrigðis-eftirlitið. “Já, það væri gaman að reyna“ sagði ég, sendu mér nokkrar kartöflur og reikninginn og við sjáum hvað setur”. Kvöddumst við síðan.

Hálfum mánuði síðar birtist póstkona á tröppunum með pakka til mín, þakinn frímerkjum, hafði kostað 18 \$ undir hann í flugi. Stimplaður var hann af tollinum TOLLFRJÁLST!

Í kassanum voru 2 plast dósir, hver með ½ kíló af fallegu útsæði, dálítið sveittar voru þær eftir ferðalagið, sennilega aldrei flogið áður greyin. Eftir að hafa þvegið þær og þurrkað, setti ég þær niður um miðjan júní. Við að setja þær niður tók ég eftir að einn af “ground” vírunum mínum lá í gegnum beðin, svo ég hugsaði, þær verða allavega í góðu radió-sambandi

Grösin féllu í roki um miðjan ágúst, og tók ég þær upp í endaðan ágúst, 1 kíló var orðið 10 kílóum! Stærsta kartaflan var 10 sm. í þvermál og allar verða þær settar niður aftur á komandi vori. Sendi ég John allar upplýsingar um árangurinn á tölvupósti, sagði ég honum að ég sæi fram á að verða stórríkur kartöflubóndi eftir nokkur ár!
(Veit einhver um jörð til sölu í Þykkvabænum?)

73 Gulli. TF8GX

The K8CX Ham Gallery

Á slóðinni <http://hamgallery.com> er meðal annars að finna stórt ljósmyndasafn af amatörum, amatør-stöðvum, gömlum tækjum, loftnetabúgörðum, DX ferðum, DX stöðvum, keppnisstöðvum og fl. og fl. Hjóðupptökur frá meira en 250 sjaldgæfum DX stöðvum í Streaming Real Audio formati. Þarna er hægt að setja inn fríar aulgýsingar ef þú vilt selja, kaupa eða skipta. Þarna eru ljósmyndir frá Dayton Hamvention, WRTC 2000. Samanburðar-listi síðustu 7 ára yfir 100 eftirsóttustu löndin, morse próf, Webclusters, stökkpallar (links), leitarvélar, QSL korta safn svo fátt eitt sé nefnt. Kíkið á síðuna og athugið hvort þar sé ekki eitthvað sem vekur áhuga.

Heimild Tom K8CX

CQ TF febrúar 2001

Úr ýmsum áttum

Brynjólfrur Jónsson TF5BW

50 MHz Beacon

50 MHz Beacon hefur verið settur upp á Rjúpnahæð. Kallmerkið er TF3SIX, staðsetningin er HP94BC, sendiaflið er 12 vött og ERP er u.þ.b. 22 vött.

Sendingin frá honum er TF3SIX TF3SIX TF3SIX QTH HP94BC sem tekur um 25 sec. að senda og á milli sendinga kemur 6 sec. Þögn þar sem stöðin er ólykluð fyrir kælingu. Tíðnin er 50.057 MHz.

Tækjabúnaður er FT-690R II tranceiver, GP með 2,8 dBi mögnum, fengið að láni hjá Bjarna TF3BM og AEA MM-2 morselykli sem fengin er að láni hjá Þór TF3GW

Þess má geta aðvitinn hefur allavega heyrst í Skotlandi og ef til vill víðar og margir hafa sent TF3GW tölvupóst og þakkað fyrir þetta vegna þess að það vantað tilfinnanlega beacon hérna á TF landi.

73 de TF3GW

SÖFNUN FYRIR ENDURVARPA

Vegna lítillar notkunar hjá amatörum á 70 sm bandinu hafa tveir félagar úr fjarskiptasveit skáta, þeir Jónas TF3JFT og Rúnar Þór TF3RJT ákveðið að fara af stað með söfnun fyrir endurvarpa á 70 sm bandinu/440 megariðum. Endurvarpinn er ætlaður öllum radióamatörum sem hafa a.m.k. T leyfi amatöra. Þeim sem hafa áhuga á að vera með í söfnuninni, er bent á að stofnaður hefur verið sérstakur reikningur fyrir þessa söfnun, reikningsnúmerið er 604494 í banka 0515, höfuð-bók 14.

Ætlunin er að reyna að safna í 1 ár og að hver leggi inn 1000 kr á mánuði. Ef við náum 20 manns erum við komnir með 240.000 kr. Ef einhverjar spurningar vakna varðandi þetta, er hægt að hafa samband við Jónas í s. 698-3501 og Rúnar s. 898-7201 eða senda þeim tölvu-póst.

73 de Rúnar Þór TF3RJT

Miðbæjarradíó flutt.

Um áramótin síðustu flutti Miðbæjarradíó aðsetur sitt frá Hverfisgötu 18 að Skúlagötu 63 (áður Fossberg). Talsverð aukning hefur orðið á plássi í versluninni, auk þess sem að allt aðgengi hefur stórbatnað. Bílastæði eru næg beint við búðardyrnar. Símanúmer eru óbreytt: 552 8636 og 552 7147. Ný heimasíða er í smíðum: www.midbaejarradio.is, en aðgangur að þeirri eldri er tengdur þeirri ósmíðuðu. Þess má geta að félagar í ÍRA fá afslátt þarna nefni þeir að vörur séu keyptar á staðgreiðslureikning radióamatöra.

73 de TF3AO

Bill Orr

Amatörradíó goðsögnin Willian I. "Bill" Orr, W6SAI lést í svefni að heimili sínu í Californiu 24. janúar 2001. Hann var 81. árs gamall.

Hann var m.a. þekktur fyrir bækur sem hann gaf út um amatörradíó og má þar nefna "The Radio Handbook", "The Beam Antenna Handbook", "The Quad Antenna Handbook", "The VHF-UHF Manual" og "The W6SAI HF Antenna Handbook" en sumar þeirra eru þó skrifaðar í samvinnu við Stu Cowan, W2LX.

Bill fékk sitt fyrsta kallmerki, W2HCE 1934 í New York þá 15 ára gamall. Hann útskrifaðist sem rafmagnsverkfræðingut frá Californiuháskóla snemma á 5. áratugnum.


Heimild ARRL

Amatörar í Putaland.

Það fer ekki lengur á milli mála, hafi einhver efast um það, að það eru radióamatörar alls staðar, jafn vel í Putalandi.

Þetta eru frændur okkar og vinir Norðmenn nú búnir að sanna, með þessari mjög svo skemmtilegu forsíðumynd í janúar heftinu af blaði sínu Amatör radio.





Ritstjóri heimsótti TF3GC í nóvember 2000 og átti hjá honum ánægjulega dagstund og notaði tækifærið og smelli tveim myndum af honum og sjaknum.

Myndirnar til hægri eru af tjunernum sem TF5DZ skrifar um á blaðsíðu 12.

CQ TF **er félagsblað Íslenskra** **Radíóamatöra.**

Blaðið kemur næst út í byrjun maí 200, hafi ritstjóra borist eitthvert efni til birtingar

